

Nd.

121. Frumvarp til laga

um tímabundna heimild handa Rafmagnsveitu Reykjavíkur til innflutnings og sölu á rafmagnstækjum.

Flm.: Pétur Halldórsson, Sigurður Kristjánsson, Jakob Möller.

1. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að flytja til landsins öll rafmagnstæki til heimilisnotkunar, önnur en útvarpstæki, á tímabilinu frá 1. ágúst 1937 til 31. júlí 1938.

2. gr.

Rafmagnsveita Reykjavíkur skal selja eða láta selja rafmagnstæki þessi við svo vægu verði sem kostur er á, og aðeins gegn staðgreiðslu. Verðið skal miða við það, að rafmagnsveitan taki ekki hagnað af sölunni.

3. gr.

Tollar og önnur innflutningsgjöld til rikissjóðs af rafmagnstækjum samkv. 1. gr. falla niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Sogsvirkjunin tekur að selja rafmagn frá Sogsstöðinni á næsta hausti, og er augljóst, að það veldur nokkru um arðsemi fyrirtækisins og arð viðskiptamanna þess af viðskiptunum, að þau verði örvuð þegar í upphafi með því að gera kaup á rafmagnstækjum sem aðgengilegust.

Frv. miðar að því, að afl frá Sogsstöðinni nýtist sem fyrst, og sparar þetta augljóslega kaup á annarskonar orku til heimilisþarfa að því skapi sem frv. nær tilgangi.

Þrátt fyrir erfiðleika á viðskiptum við önnur lönd þykir rétt að leita heimildar þeirrar, er í frv. felst.